



Fundargerð

473. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 18. nóvember 2021, kl.15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Ingimar Ingimarsson (II), Karl Kristjánsson (KK) og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum við 1. mál undir liðnum önnur mál á dagskránni var Finnur Árnason framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar hf. Embla Dögg var á fjarfundi.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er sex blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 472. Fundur sveitarstjórnar 14. október 2021.

Farið yfir fundargerðina.

1.1 2110010 - Framkvæmdir á Vestfjarðarvegi 60, ósk um upplýsingar. Lagt er fram erindi frá Umhverfissráðuneyti dagsett 24. júlí 2021, erindi frestað á 472. fundi.

Lagt fram að nýju svar til Umhverfissráðuneytis vegna framkvæmda á Vestfjarðarvegi 60.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að svari til Umhverfissráðuneytis með þremur atkvæðum. KK og II sátu hjá.

KK og II leggja fram eftirfarandi bókun.

Umhverfisráðuneytið er að óska eftir greinargerð frá sveitarfélaginu vegna fyrirspurnar frá skrifstofu Bernarsamningsins sem er alþjóðlegur sáttmáli um vernd villtra plöntu og dýravistkerfa.

Við teljum að sveitarfélagið hafi ekki haft neina stöðu til að gæta hagsmuna umhverfis og samfélags við ákvörðun um leiðaval eins og kemur skýrt fram í bókunum sveitarstjórnar 22. jan 2019.

Við undirbúning stórframkvæmdar eins og Vestfjarðavegar 60 í Gufudalssveit er megin áhersla framkvæmdaaðila lögð á styttingu vegalengda og vegtæknileg atriði en umhverfissjónarmið og hagsmunir íbúa svæðisins hafa þar lítið vægi.

Svör ráðherra um að ekki verði settir meiri fjármunir í þessar vegaframkvæmdir en sem nemur kostnaði við þá leið sem veldur mestum umhverfisspjöllum og klárar lagaheimildir til að rukka sveitarfélagið um mismuninn verði önnur leið valin eru óásættanlegar þvinganir af hálfu ríkisvaldsins. Einnig frumvörp til laga, lögð fram á Alþingi af stjórnarþingmönnum, um að lögfesta framkvæmdina og taka þannig af sveitarfélaginu skipulagsvaldið. Sama gildir um hótanir um að fjárveitingar til þessara vegaframkvæmda verði færðar í aðra landshluta verði Þ-H ekki samþykkt sem komu frá samgöngunefnd alþingis gegnum samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Að framkvæmdaaðili greiði fyrir skipulagsvinnuna og geti þannig haft áhrif á faglegan undirbúning framkvæmda er líka fráleitt fyrirkomulag í stjórnsýslunni.

Okkur finnst að þessi sjónarmið eigi að koma fram í svari Reykhólahrepps til ráðuneytisins en ekki bara einhver lofsöngur um mótvægisáðgerðir eftir að hafa verið þvinguð til að samþykkja versta kostinn fyrir umhverfi og samfélag í Reykhólahreppi.

2. Mennta- og menningarmálanefnd 17. nóvember 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina,

2.1 Umsókn um námsvist í Ásgarði, námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitastjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.2 Umsókn um námsvist í leikskóla utan lögheimilissveitarfélags.

Málinu var frestað.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti sem og ráðning leikskólastjóra.

3. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 15. nóvember 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1 2108005 - Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 -2020, breyting.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020. Samþykkt samhljóða.

3.2 2111001 - Teigsskógur 139693, umsókn um stofnun vegsvæðis.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun vegsvæðis í landi Teigsskógar. Samþykkt með þremur atkvæðum. KK og II sátu hjá.

3.3 2111002 - Þórisstaðir 139699, umsókn um stofnun vegsvæðis.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun vegsvæðis í landi Þórisstaða. Samþykkt með þremur atkvæðum. KK og II sátu hjá.

3.4 2102009 - Endurnýjun Reykhólafnar, þilskurður verðkönnun.

Sveitarstjórn samþykkir tilboð Hagtaks í verðkönnun um framkvæmd við þilskurð vegna endurnýjunar Reykhólafnar kr. 58.100.000,-. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

Mál til afgreiðslu

1. 2108010 - Fjárhagsáætlun 2022 – 2025, síðari umræða.

Lögð er fram fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun ásamt álagningaforsendum og gjaldskrár ársins 2022.

Staða sveitarsjóðs Reykhólahrepps er góð, áætlaður er tæplega 30 milljón króna afgangur af sveitarsjóði á næsta ári. Sá viðsnúningur sem orðið hefur á rekstri Reykhólahrepps er fagnaðarefni.

Í nýrri áætlun er gert ráð fyrir að leikskólagjöld verði felld niður að fullu. Hér er tekið einstakt skref í átt að fjölskylduvænna samfélagi sem hlýtur að vera markmið allra sveitarfélaga. Leikskóli er fyrsta skrefið í skólagöngu barna og með niðurfellingu leikskólagjalda er Reykhólahreppur að viðurkenna leikskólann sem fyrsta skólaskref barna og hampa því faglega starfi sem fram fer á leikskólum. Gert er ráð fyrir akstursþjónustu fyrir börn í sumarstarfsemi á vegum sveitarfélagsins. Gjöld í tónlistarnám verða einnig felld niður og er það viðleitni sveitarfélagsins til að efla menningarstarfsemi á svæðinu.

Í áætluninni er gert ráð fyrir því að Reykhólahreppur fari í atvinnuþróun á svæðinu þar sem sveitarfélagið mun taka þátt í verkefnum með fyrirtækjum á svæðinu í undirbúning fyrir græna iðngarða. Gerð verður ný heimasíða fyrir sveitarfélagið.

Í gjaldaliðnum eru gerðar leiðréttingar á verði leiguhúsnæðis í Reykhólahrepp og eru þær leiðréttar til samræmis við annað leiguhúsnæði á svæðinu og með tilliti til reksturs húsnæðis almennt. Þá er einnig gerð leiðrétting á gjaldtöku fyrir sorp til samræmis við lög nr. 55/2003 þar sem kemur fram að sorpgjöld skuli standa undir kostnaði við sorpbjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árin 2022 – 2025.

Samþykkt samhljóða.

2. 2111015 - 9 mánaða rekstraryfirlit og útkomuspá.

Lagt er fram ofangreint yfirlit og útkomuspá fyrir árið 2022. Útkomuspá gerir ráð fyrir að niðurstaða ársins 2021 verði í takt við fjárhagsáætlun ársins.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda útkomuspá til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga eins og lög kveða á um. Samþykkt samhljóða.

3. 2102026 – Valkostagreining, lokaskýrsla RR ráðgjöf.

Lögð er fram lokaskýrsla valkostagreiningar vegna sameiningakosta Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn vísar skýrslunni til áframhaldandi vinnu um framtíðar möguleika í sameiningarmálum. Samþykkt samhljóða.

4. 2111008 - Sameining almannavarnanefnda Reykhólahrepps og Stranda.

Lagt er fram erindi frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum dagsett 1. október 2021, varðandi styrkingu almannavarnanefnda á Reykhólum og Ströndum, þar sem lagt er til að nefndirnar verði sameinaðar undir eina nefnd.

Sveitarstjórn samþykkir að sameina almannavarnanefnd Reykhólahrepps og almannavarnanefnd Stranda með fyrirvara um samþykki sveitarfélaganna á Ströndum. Samþykkt samhljóða.

5. 2111009 - Sameining sveitarfélag, fyrirspurn Strandabyggðar.

Erindi frá Strandabyggð 23. október 2021, þar sem óskað er eftir afstöðu Reykhólahrepps til viðræðna um sameiningu.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið. Samþykkt samhljóða.

6. 1911006 - Skilavegir, samningur við Vegagerðina.

Málinu frestað.

7. 2111010 - Myldi – umsókn um rekstrarleyfi.

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 10. nóvember, vegna rekstrarleyfis til handa Myldi á Reykhólum, leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra og byggingafulltrúa. Samþykkt samhljóða.

8. 2111011 - Loftlagsvernd í verki.

Lagt er fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 2. nóvember varðandi boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftlagsvernd í verki.

Sveitarstjóra falið að kanna áhuga fyrir námskeiðinu. Samþykkt samhljóða.

9. 2111016 - Geymslusvæði á Reykhólum.

Lagt er fram erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni dagsett 8. nóvember 2021, varðandi skipulagningu á gámasvæði – geymslusvæði á Reykhólum.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur umsjónarmanni fasteigna að athuga með heppilega lóð undir geymslusvæði. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2111012 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis.

Lagt fram til kynningar erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 2. nóvember 2021.

2. 2111013 - Ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamál, svar Samband íslenskra sveitarfélaga dagsett 2. nóvember 2021.

Lagt fram til kynningar.

3. 2111014 - Veraldarvinir, hreinsun strandlengjunnar 2021 – 2025.

Lagt fram til kynningar.

4. 2110013 - Ársfundur Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda 2021.

Fundargerð lögð fram.

5. 2102014 - Breiðafjarðarnefnd 194. fundur.

Fundargerð lögð fram.

6. 2102015 - 902. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

1. 2111017 - Málefni Þörungaverksmiðjunnar.

Finnur Árnason mætti sem gestur á fundinn og fór með sveitarstjórn yfir málefni Þörungaverksmiðjunnar.

Sveitarstjórn þakkar Finni framsöguna.

2. 2103021 - Endurskoðun á samstarfssamningi um byggingar- og skipulagsfulltrúa, drög.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagðan samning og felur sveitarstjóra að ganga frá honum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggur áherslu á að störf, sem Reykhólahreppur er í samstarfi við önnur sveitarfélög um, séu auglýst með frjálsu vali umsækjanda á búsetu innan þjónustusvæðisins.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:47
